

SAMBANDSTILRAUNIR GRIKKJA

Mannkynið á jörðu hér hefir verið að leitast við að vaxa svo í vitáttina, að unnt verði að átta sig á tilgangi lífsins, og koma á þekkingarsambandi við skyldar en fullkomnari verur á öðrum stjörnum. Mjög merkilegar voru þær sambandstilraunir Grikkja sem að þessu stefndu, og meginlind grískrar menningar. Mystería voru þessar sambandshátíðir kallaðar, en ég hygg, að mysterion þýði eiginlega það sem fram fer að augunum lokuðum. Langfrægust var sú hátíð, sem fram fór í Elevsis (Eleusinia). Þátttakendur í hátíðum þessum fengu samband við goðheima og guðina. Mystai hétu sumir hátíðamennirnir, en epoptai aðrir, og voru þeir lengra komnir. Mystes þýðir eiginlega: sá sem hefir aftur augun; og af því, hátíðamann, sem sér með lokuðum augum. En epoptes þýðir áhorfandi, sá sem sér með því að líta augum til. Mystai sáu í huga sínum, vegna sambands við sýngjafa; þeir sáu það sem sýngjafanum bar fyrir augu, eins og séð er í draumi, eða sambandsástandi miðils. Epoptai sáu með opnum augum, og það sem þeir sáu, voru líkamningar. Samstillingin var þar fullkomnari, og sambandið við hinar æðri verur, en hjá mystai, og guðirnir gátu á því aflsvæði, sem þannig kom fram, með tilgeislan sinni, gert sér líkama, og birst þannig í ljósi miklu, þar á staðnum. Fannst þeim mikið um, er sáu.

Því hefir verið haldið fram, að ekki hafi verið um annað en sjónleiki og sjónhverfingar að ræða á hátíðum þessum, og er eðlilegt, að menn ímyndi sér slíkt, sem reyna að hafa greind við, en eru skammt komnir í líffræði og hafa enga hugmynd um þau vísindi, sem ég nefni epagógík. Og fjarri er það mér að halda því fram, að ekki kunní að hafa verið

sjónhverfingum beitt og leikaraskap, eftir að hátíðum þessum fór að hnigna. En framfarir gátu þar ekki orðið, því að Grikkir lærðu aldrei að skilja, hvers eðlis sambandið var, og að sambandsverurnar áttu heima á öðrum stjörnum.